

SAMÞYKKT

121

29. júní

fyrir veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði. Heimili þess og varnarþing er Ytri-Hlíð.

2. gr.

Félagssvæðið er Vesturdalsá frá Núpslónum að Arnarvatni. Þar til heyra þessar jarðir: Skógar, Torfastaðir, Ljósstaðir I., Ljósstaðir II., Ljósstaðir III., Vakursstaðar I, Vakursstaðir II, Ytri-Hlíð, Fremri-Hlíð, Rjúpnafell, Haugsstaðir, Búastaðir, Norður-Skálanes.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að selja ána á leigu til stangarveiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður, ritari og féhirðir, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Eftir eitt ár frá stofnun félagsins skal einn maður ganga úr stjórn og síðan einn á ári, og ræður hlutkesti tvö fyrstu árin.

Stjórn skal kjósa skriflega á aðalfundi, svo og endurskoðendur félagsreikninga.

Enginn löglegur félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll banni, eða hann hafi setið 6 ár í stjórn.

Á aðalfundi skal og kjósa varastjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, hefir yfirumsjón yfir öllum störfum þess, boðar til funda og stýrir þeim. Ritari ritar fundarbækur og skjöl félagsins. Féhirðir annast fjárreiður þess.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert og skal boða hann með hálfsmánaðar fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna er mættur. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, skal þá boða til hans á ný með hálfsmánaðar fyrirvara, og er þá sá fundur ávallt lögmætur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins. Aðalfundur kýs stjórn og endurskoðendur samkvæmt 4. grein og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á komandi ári. Aðalfundur hefir æðsta úrskurðarvald um öll mál félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um lagabreytingar og félagsslit (sjá 11. og 12. grein).

7. gr.

Stjórnin boðar til funda, þegar henni þykir þurfa, eða ef fjórði hluti félagsmanna óskar þess skriflega, og tilgreinir fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Semja skal skrá samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, er sýni hluta þann af arði félagsins, sem hverjum félagsmanni ber.

Kostnað við starfsemi félagsins ber að greiða samkvæmt sömu skrá. Gjaldldagi allra gjalda félagsins er 12. október.

121

29. júní

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 500 kr. sektum, er renna í sýslusjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt og gjaldskrá félagsins má að eins breyta á aðalfundi, og þá því að eins, að tveir þriðju fundarmanna samþykki.

12. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir þriðju fundarmanna á tveimur lögmætum félagsfundum samþykkja félagsslit. Ef félagið á þá ekki fyrir skuldum skal jafna þeim niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá. Eignir þær, er félagið kynni að eiga, skulu ávaxtast í hreppssjóði Vopnafjarðarhrepps, unz samskonar félagsskapur tekur til starfa á þessu svæði.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

122

29. júní

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst hlutfallslega þannig, og skiptist milli jarða á félagssvæðinu í prósentum sem hér segir:

Skógar	14	%
Torfastaðir	14	—
Ljótsstaðir I	7	—
Ljótsstaðir II	4,6	—
Ljótsstaðir III	2,4	—
Vakursstaðir I	9	—
Vakursstaðir II	5	—
Ytri-Hlíð	7,5	—
Fremri-Hlíð	7,5	—
Rjúpnafell	5	—
Haugsstaðir	14	—
Búastaðir	7,5	—
Norður-Skálanes	2,5	—

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.